

Alþingi
Erindi nr. P 135/760
komudagur 4.12.2007



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.12.2007

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl., 131. mál, þskj. 132.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af niðurstöðu Hæstaréttar í svonefndu Impregilo-máli, en með því felldi Hæstiréttur úr gildi niðurstöðu yfirskattanefndar um að verktakafyrirtækinu Impregilo bæri að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launa portúgalskra starfsmanna tveggja starfsmannaleigna sem Impregilo skipti við. Vísaði Hæstiréttur til þess að af samningum Impregilo og starfsmannaleignanna mætti ráða að starfsmannaleigurnar önnuðust launagreiðslur til hinna útleigðu starfsmanna og var það mat réttarins að starfsmannaleigurnar sjálfar teldust launagreiðendur starfsmannanna og hefði Impregilo því ekki borið skylda til að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda vegna launa viðkomandi starfsmanna.

Samkvæmt frumvarpinu telst vinnuveitandi starfsmannaleigumanna jafnframt vera launagreiðandi þeirra, hafi starfsmannaleigan ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi. Hæstiréttur hefur í dómum sínum litið svo á að starfsmannaleiga sé vinnuveitandi þeirra manna sem leigðir eru út til notendafyrirtækja. Þótt notendafyrirtæki geti borið ýmsar skyldur gagnvart starfsmannaleigumönnum sem það hefur í þjónustu sinni þá telst notendafyrirtækið ekki vinnuveitandi starfsmannaleigumanna.

Tilgangur frumvarpshöfundar er hins vegar að færa ábyrgð á staðgreiðslu opinberra gjalda frá vinnuveitanda starfsmannaleigumanna yfir á notendafyrirtækið. Samtök atvinnulífsins hafa miklar efasemdir um að frumvarpið, eins og það er túlkað í athugasemdum, standist reglur EES-samningsins um frjálsa þjónustustarfsemi í aðildarríkjum samningsins, sbr. 36. gr. EES-samningsins.

Það er álit SA, sem og ýmissa sérfræðinga á sviði skattaréttar, að með því að leggja ábyrgð á skattgreiðslum starfsmanna hins erlenda fyrirtækis á notendafyrirtækið sé verið að mismuna fyrirtækjum og skapa hindrun sem er andstæð grunnreglum um frelsi fyrirtækja til að veita þjónustu yfir landamæri. Það er veruleg hindrun fyrir starfsmannaleigu, með skattalegt heimilisfesti í öðru landi, að bjóða upp á þjónustu sína á Íslandi, í samkeppni við íslenskar starfsmannaleigur, ef notendafyrirtækið þarf að taka á sig verulega fyrirhöfn, aukinn kostnað og ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda, sem það ber ekki ef í hlut á íslensk starfamannaleiga. Ákvæði EES-samningsins eru skýr og leggja blátt bann við hvers konar mismunun á þessu sviði.

Rétt er í þessu sambandi að vísa til dóms Evrópudómstólsins í máli C-433/04, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegn Belgíu, en dómurinn var kveðinn upp 9. nóvember 2006. Í því máli höfðu belgísk stjórnvöld með lögum gert þjónustukaupendur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ábyrga fyrir að halda eftir fyrir skattayfirvöld 15% af launum erlendra verktaka sem voru ekki með skráða starfsstöð í Belgíu. Evrópuþómsráðið taldi að með lagasetningunni hefðu belgísk stjórnvöld brotið reglur ESB um að hefta ekki frelsi til að veita þjónustu innan ESB, sbr. 49. og 50. gr. sáttmála ESB. Samtök atvinnulífsins telja að nefndur dómur hafi fordæmisgildi varðandi það álitaefni sem um var deilt í Impregilo-málinu.

Samtök atvinnulífsins telja einnig mikilvægt að erlendir þjónustuveitendur geti skilað skattgreiðslum hér á landi. Að það skuli ekki vera mögulegt getur skoðast sem hindrun sem er andstæð EES-samningnum.

Samtök atvinnulífsins telja mjög varhugavert fyrir Alþingi að samþykkja lög sem mjög líklega stangast á við EES-samninginn. Eðlilegt er að óska eftir álit Eftirlitsstofnunar EFTA á efni frumvarpsins áður en lengra er haldið.

Með hliðsjón af þessu leggjast Samtök atvinnulífsins gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Arnason hdl.
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is